

AUGLÝSING um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Skorradalshreppi.

Indriðastaðahlíð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Skorradals-hrepps þann 11. júní 2009 breytingu á deiliskipulagi Indriðastaðahlíðar. Breytingin felur í sér, að byggingarreitir á 21 lóð eru stækkaðir, byggingarreitirnir eru á lóðum nr. 102, 104, 110, 112, 114, 116, 118, 120, 122, 124, 126, 128, 130, 132, 134, 162, 164, 168, 170, 172 og 173. Einnig er lóð nr. 156 skipt upp í tvær lóðir. Nýr vegur verður lagður að nýrri lóð nr. 156b. Engar breytingar eru gerðar á skilmálum deiliskipulagsins.

Indriðastaðahlíð, Lambaás 2.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 11. júní 2009 breytingu á deiliskipulagi Indriðastaðahlíðar. Breytingin felur í sér að lóð nr. 2 við Lambaás er skipt í tvær lóðir, 2a og 2b. Engar breytingar eru gerðar á skilmálum deiliskipulagsins.

Vatnsendahlíð, 8. áfangi, lóð nr. 181.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 11. júní 2009 breytingu á deiliskipulagi Vatnsendahlíðar, 8. áfanga. Breytingin felur í sér að stærð og lögun byggingarreits á lóð nr. 181 er breytt ásamt þakhalla.

Deiliskipulagsáætlanirnar hafa hlutið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

Skorradal, 7. júlí 2009.

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 21. júlí 2009